

SAMSTARFSSAMNINGUR

um starfrækslu leitar- og björgunarmiðstöðvar.

1. AÐILAR

Flugmálastjórn Íslands, Landhelgisgæsla Íslands, Ríkislögreglustjórnin, Siglingastofnun Íslands, Neyðarlínan h.f. og Slysavarnafélagið Landsbjörg.

2. EFNI

Aðilar gera með sér eftirfarandi samstarfsamning um starfrækslu sameiginlegrar leitar- og björgunarmiðstövar að Skógarhlíð 14 Reykjavík.

3. HLUTVERK AÐILA

3.1. Flugmálastjórn Íslands

- 3.1.1. Flugmálastjórn annast skipulagningu og stjórnun leitarstarfa þegar loftfars er saknað, því hefur hlekkst á eða farist, fram til þess að slysstaður finnst.
- 3.1.2. Eftir að slysstaður á landi er fundinn tekur lögreglustjóri í viðkomandi umdæmi við ábyrgð á vettvangsstjórn, sbr. 132. gr. laga um loftferðir nr. 60/1998, en ef slysstaður er á sjó er vettvangsstjórn í samræmi við reglur um yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990 með síðari breytingum.
- 3.1.3. Leitarsvæði Flugmálastjórnar er lofthelgi Íslands og það leitarsvæði á alþjóðlegu hafsvæði sem skilgreint er samkvæmt samningi gerðum milli aðildarríkja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar og Íslands.
- 3.1.4. Flugmálastjórn heldur uppi virku samráði við björgunarmiðstöðvar aðliggjandi flugstjórnarsvæða (RCC) og er í virku samstarfi við alþjóðlega aðila er varðar björgunaræfingar svo sem Bright Eye. Einnig eru í gildi samningar milli Flugmálastjórnar og Varnarliðsins sem eru á forræði Flugmálastjórnar.

3.2. Landhelgisgæsla Íslands

- 3.2.1. Landhelgisgæslan fer með yfirstjórn leitar- og björgunar á hafinu í samræmi við lög nr. 25/1967.
- 3.2.2. Landhelgisgæslan starfrækir sjóbjörgunarstjórnstöð (MRCC) vegna leitar- og björgunarstarfa á hafinu í samræmi við alþjóðasamninga og reglur um yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990 með síðari breytingum.
- 3.2.3. Ytri mörk leitar- og björgunarsvæðis Landhelgisgæslunnar vegna leitar og björgunar á hafinu miðast við svæðaskiptingu eins og tilgreind er í 3.1.3 vegna leitar að loftförum þar til gengið hefur verið frá skiptingu leitarsvæða á hafinu í samráði við IMO.
- 3.2.4. Landhelgisgæslan er sambandsaðili við erlendar sjóbjörgunarstjórnstöðvar (MRCC) vegna leitar og björgunar. Jafnframt er Landhelgisgæslan

sambandsaðili við Varnarliðið á Keflavíkurflugvelli og danska sjóherinn samkvæmt sérstökum samningum þar um og er í virku samstarfi við alþjóðlega aðila er varðar björgunaræfingar m.a. Bright Eye.

- 3.2.5. Landhelgisgæslan og Siglingastofnun munu ganga til samninga á grundvelli 5. gr. laga nr. 41/2003 um vaktstöð siglinga og 7. gr. reglna um yfirstjórn leitar- og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990 um aðgengi stjórnstöðvar Landhelgisgæslunnar að nauðsynlegum upplýsingum vaktstöðvarinnar um skipaferðir.

3.3. Ríkislögreglustjórinn

- 3.3.1. Lögreglustjórar fara með yfirstjórn leitar- og björgunaraðgerða á landi, hver í sínu umdæmi skv. 6. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Lögreglan kallar björgunarsveitir til aðstoðar ef þörf krefur.
- 3.3.2. Ríkislögreglustjórinn hefur það hlutverk að veita lögreglustjórum aðstoð í lögreglustörfum og annast viðfangsefni sem eðli máls samkvæmt eða aðstæðna vegna kalla á miðstýringu eða samhæfingu á landsvísu sbr. 5. gr. lögreglulaga nr. 90/1996. Í samráði við viðkomandi lögreglustjóra mælir hann fyrir um skipulagt samstarf lögregluliða við leitar- og björgunaraðgerðir.
- 3.3.3. Ríkislögreglustjórinn starfrækir fjarskiptamiðstöð lögreglu sem sinnir þjónustu- og samræmingarhlutverki við lögregluliðin.
- 3.3.4. Ríkislögreglustjórinn starfrækir sérstaka samræmingarstöð vegna eftirlits og aðgerða þegar almannavarnir eru virkjaðar sbr. lög nr. 44/2003. Tilgangur stöðvarinnar er m.a. að búa til aðsetur fyrir samhæfingu á störfum helstu ríkisstofnana, félaga og samtaka á landsvísu sem taka þátt í almannavarnaaðgerðum
- 3.3.5. Ríkislögreglustjórinn annast samstarf við lögreglu í öðru landi.

3.4. Siglingastofnun Íslands

Siglingastofnun Íslands starfrækir vaktstöð siglinga samkvæmt lögum nr. 41/2003. Samgönguráðherra fer með yfirstjórn mála er varða vaktstöð siglinga, en Siglingastofnun Íslands fer með framkvæmd þeirra svo sem nánar er kveðið á um í lögum.

3.5. Slysavarnafélagið Landsbjörg

- 3.5.1. Hlutverk björgunarsveita er að vera hjálparlið Flugmálstjórnar, Landhelgisgæslu og lögreglu vegna leitar- og björgunaraðgerða sem undir þessar stofnanir heyra.
- 3.5.2. Landsstjórn björgunarsveita hefur umboð af hálfu Slysavarnafélagsins Landsbjargar til þess að samræma og stýra leitar- og björgunaraðgerðum eigin liðsafla undir yfirstjórn þar til bærra opinberra yfirvalda. Ef um er að ræða leitir sem varða fleiri en eina svæðisstjórn getur landsstjórn tekið yfir að samræma og stýra aðgerðum eigin liðsafla, ef þörf krefur.
- 3.5.3. Slysavarnafélagið Landsbjörg starfrækir sjóbjörgunarstöð (MRCC Costal) vegna leitar- og björgunarstarfa meðfram strönd landsins og á svæðinu næst henni sbr. reglur um yfirstjórn leitar og björgunar á hafinu og við strendur Íslands nr. 207/1990 með síðari breytingum.

3.6. Neyðarlínan hf.

- 3.6.1. Neyðarlínan annast neyðarsímsvörun vegna neyðarnúmersins 112 í samræmi við lög nr. 25/1995 svo og boðun viðbragðsaðila.
- 3.6.2. Neyðarlínan starfrækir vaktstöð samkvæmt sérstöku samkomulagi við dómsmálaráðuneytið og annast boðun fyrir eftirtalda viðbragðsaðila: Ríkislögreglustjórnann vegna almannavarna, vaktstöð siglinga, Flugmálastjórn og Slysavarnafélagið Landsbjörg með sérstöku boðunarkerfi viðbragðsaðila.

4. SAMEIGINLEG LEITAR- OG BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐ

- 4.1. Leitar- og björgunarmiðstöð skal starfrækt í samræmingarstöð ríkislögreglustjórans vegna almannavarna og í tengslum við fjarskiptamiðstöð lögreglu og Neyðarlínuna.
- 4.2. Leitar- og björgunarmiðstöðin skal virkjuð þegar sá aðili sem hefur forræði á viðkomandi málaflokki telur nauðsyn á samhæfingu aðgerða. Nánari útfærsla skal vera í handbók með verklagsreglum sbr. kafla 6.1.
- 4.3. Aðilar eru sammála um nauðsyn þess að hafa náð samstarf og tryggja að upplýsingar og gögn berist óhindrað milli aðila sammingsins. Markmiðið er að stuðla að auknu samstarfi og bæta skipulag vegna leitar- og björgunaraðgerða til að tryggja þeim sem þurfa aðstoð bestu fánlegu þjónustu og hjálp.
- 4.4. Ábyrgð og forræði aðila í leitar- og björgunarmiðstöðinni er eftirfarandi:
 - 4.4.1. Flugmálastjórn vegna leitar að loftförum þar til slysstaður er fundinn.
 - 4.4.2. Landhelgisgæslan vegna leitar og björgunar á hafinu og við strendur landsins.
 - 4.4.3. Ríkislögreglustjórninn vegna leitar- og björgunaraðgerða á landi.
 - 4.4.4. Slysavarnafélagið Landsbjörg vegna stjórnar eigin liðsafla bæði á sjó og landi undir yfirstjórn þar til bærra stjórnvalda.

5. STARFSTÖÐVAR AÐILA Í LEITAR- OG BJÖRGUNARMÍÐSTÖÐ

- 5.1. Flugmálastjórn mun starfrækja flugstjórnarvinnustöð.
- 5.2. Landhelgisgæslan mun starfrækja vinnustöð fyrir sjóbjörgun sem tengist stjórnstöð Landhelgisgæslunnar.
- 5.3. Ríkislögreglustjórninn starfrækir vinnustöð frá fjarskiptamiðstöð lögreglu.
- 5.4. Vaktstöð siglinga mun starfrækja vinnustöð í björgunarmiðstöðinni og manna hana þegar um leit- og björgun er að ræða.
- 5.5. Slysavarnafélagið Landsbjörg mun starfrækja vinnustöðvar fyrir Landstjórn björgunarsveita og vegna eigin sjóbjörgunarstöðvar.
- 5.6. Neyðarlínan starfrækir vinnustöð frá eigin vaktstöð og veitir öðrum starfsstöðvum aðgang að sameiginlegum gagnagrunni.

6. SAMSTARF

- 6.1. Samningsaðilar skulu útbúa handbók með verklagsreglum um samstarf og starfsemi björgunarmiðstöðvar. Reglurnar skulu þróaðar eftir því sem reynsla og nánara samstarf gefur tilefni til. Aðilar að björgunarmiðstöðinni skulu funda reglulega um fagleg atriði a.m.k. ársfjórðungslega eða oftar ef samningsaðilar óska eftir.

- 6.2. Stefnt skal að auknu samstarfi milli aðila við upplýsingagjöf svo sem með samræmdum boðunar- og gátlistum vegna aðgerða, viðbragðsáætlanagerð o.fl.
- 6.3. Aðilar skulu jafnframt standa að sameiginlegri þjálfun og hver aðili ber síðan ábyrgð á þjálfun og símenntun starfsmanna á þeirra vegum.
- 6.4. Ágreiningi um starfsemi björgunarmiðstöðvarinnar skal vísað til dómsmála- og samgönguráðuneytis til úrskurðar.

7. REKSTRAR- OG STOFNKOSTNAÐUR

- 7.1. Ríkislögreglustjórinn annast greiðslu húsaleigu, rafmagns og hita. Búnaður svo sem rekstur tæknirýmis og tölvubúnaðar er á ábyrgð Neyðarlínu og ríkislögreglustjórans. Vinnuástaða fyrir einstaka aðila er samningsatriði en meginreglan er sú að hver samningsaðili leggi til eigin tæknibúnað í stjórnstöð.
- 7.2. Gera skal sérstaka kostnaðaráætlun um stofnkostnað og rekstur björgunarmiðstöðvarinnar og leggja fyrir viðkomandi ráðuneyti sem taki ákvörðun um skiptingu rekstrarkostnaðar.
- 7.3. Fyrirvari er af hálfu samningsaðila um þátttöku vegna fjármögnunar á rekstrar- og stofnkostnaði.


8. GILDISTAKA

Samstarfssamningur þessi tekur gildi þann 31. maí 2003.

Reykjavík 7. apríl 2003


Ríkislögreglustjóri


Landhelgisgæsla Íslands


Flugmálastjóri, flugmálastjóri


Siglingastofnun Íslands,
siglingamálastjóri


Vissavarnafélagið Landsbjörg


Neyðarlínan hf.